

um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglatekju, sölvafjöru, mariukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi, auglýsa þrívægis í Lögbertingablaðinu fyrirmæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvornig þau hafi verið notuð síðustu áratuginu og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú mótmælir eigandi ítaks sölu þess á þeim grundvelli, að það skerði hagsmuni hans til búrekstrar, og er honum þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji nýtingu ítaksins mun meira hagsmunaatriði varðandi búrekstur þess aðila, er æskir kaupanna. Sé hins vegar ítak meiri hluti eða öll þau hlunnindi, er liggja í eða fyrir landi annarrar jarðar og báðum hlutaðeigandi jörðum álíka mikil nauðsyn á nýtingu þess, er matsmönnum heimilt að skipta því milli þeirra. Skjóta má framangreindu mati til yfirmats þriggja dómkvaddra manna, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað. Kostnaður við undirmat greiðist að jöfnu af báðum aðilum, en yfirmat af þeim, er þess æskir, ef engin breyting verður, en ella á sama hátt og við undirmat.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, sbr. þó 5. gr., hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var á síðasta þingi afgreitt frá neðri deild með rökstuddri dag-skrá og þess óskað, að búnaðarþing fengi málið til umsagnar. Þangað sendi hæstv. ríkisstjórn málið, og lagði búnaðarþing einróma til, að frumvarpið yrði samþykkt, en 5. gr. þess breytt.

Frumvarpið er flutt hér eins og búnaðarþing lagði til, að það yrði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að athuga nánar orðalag 5. gr. milli 1. og 2. umræðu.